

BREYTING Á SORPURÐUNARSTAÐ FÍLFHOLT Á MÝRUM, BORGARBYGGÐ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á sorpurðunarstað í Fíflholtum á Mýrum, Borgarbyggð, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði eftirtalinna laga og reglugerða: Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Sorpurðun Vesturlands hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögum og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. mars 2013.

INNGANGUR

Þann 11. desember 2012 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Sorpurðun Vesturlands hf. um fyrirhugaðar breytingar á sorpurðun í Fíflholtum á Mýrum í Borgarbyggð. Tilkynningin er samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og tölulið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Borgarbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Borgarbyggð með bréfi þann 24. janúar 2013, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 11. janúar 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. janúar 2013. Svör Sorpurðunar Vesturlands hf. við umsögnum bárust með bréfi dags. 29. janúar 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að urðunarsvæðið í Fíflholtum sé í eigu Sorpurðunar Vesturlands hf. og urðun hafi farið þar fram síðan 1998 en mat á umhverfisáhrifum sorpurðunarsvæðisins fór fram árið 1997. Urðunarreinum 1-3 hafi verið lokað og fyrirhugað sé að hefja urðun á rein 4, innan þess svæðis sem mat á umhverfisáhrifum náði til 1997. Framkvæmdin sé í samræmi við deiliskipulag. Í mati á umhverfisáhrifum 1997 hafi verið gert ráð fyrir að urðuð yrðu 7-9.000 tonn á ári í fyrstu, sem færi síðan minnkandi vegna endurvinnslu og yrði samtals um 120.000 tonn á 20 árum. Fyrirhuguð breyting felist í því að urðuð verði á næstu 14 árum allt að 210.000 tonn til viðbótar því magni sem þegar hafi verið urðað.

Fram kemur að þar sem aðrir valkostir í meðhöndlun lífræns úrgangs séu ekki í sjónmáli sé gert ráð fyrir að tekið verði við lífrænum úrgangi til urðunar í Fíflholtum og hauggasi verði safnað frá nýrri urðunarrein. Frumhönnun á söfnunarkerfi hafi verið unnin og muni frekari vinna við hönnun og lagningu kerfisins fara í gang á næstunni, eða þegar leiðbeinandi reglur frá Umhverfis- og auðlinda ráðuneyti berast.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir einni urðunarrein, um 3,6 ha að flatarmáli. Dýpi reinarinnar verði 7-8 metrar og heildarrúmtak því 252.000-288.000 m³. Auðvelt sé að stækka reinina til suðausturs, innan marka urðunarsvæðisins, um a.m.k. 50% eða upp í allt að 432.000 m³. Í reininni verði sigvatnssöfnunarkerfi sem muni leiða sigvatn að hreinsivirki sem staðsett sé sunnan við reinina. Úrgangur verði hulin með trjákurli eða jarðvegi í lok hvers dags. Eins metra jarðvegslag verði sett yfir þegar reinin hafi verið fyllt og yfirborðsvatni verði veitt frá, framhjá hreinsivirki og í mýrina fyrir neðan. Um 1 km breitt mýrlendi sé milli urðunarreinarnar og vatnsviðtaka, Norðlækjar, en hann sé skilgreindur sem viðkvæmur viðtaki sem og Akraósinn við mynni Hítarár, en strandsjór sem taki við vatni úr ósnum skilgreinist að öllum líkindum sem síður viðkvæmur þar sem opið haf sé þar fyrir utan með miklum straumum.

Fram kemur að urðunarreinin verði undirbúin með því að grafa niður á klöpp, klöppin jöfnuð til að ná jafnhallandi fleti langs niður hólfið og tvær drenlagnir fleygaðar niður í rás langsum eftir reininni og þær umluktar lekri drenmöl. Á klapparbotn verði sett jöfnunarlag úr jökulruðningi og þar ofan á 50 cm þykkt hriplag með mikla lekt til að tryggja að söfnunaratn skili sér hratt til söfnunarkerfis og ekki myndist uppistaða og þar með vatnsþrýstihæð á klöppina. Sigvatni verði þannig safnað og það leitt í hreinsivirki áður en það fari út í umhverfið.

Áhrif á loftgæði. Fram kemur að urðunarstaðurinn sé fjarri mannabyggð (um 4-5 km í næsta mannabústað) og ekki hafi orðið vart við teljandi lyktarmengun frá urðuninni. Þar sem gert sé ráð fyrir sambærilegum starfsháttum áfram, sé ekki talið líklegt að lyktarmengun muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Áhrif af foki. Fram kemur að svæðið sé afgirt og hlið einungis opin á þeim tímum sem urðun standi yfir. Til að koma í veg fyrir fok verði úrgangur hulinn með trjákurli eða jarðvegi í lok hvers dags og fok falli undir umhverfisvöktun urðunarstaðarins. Fok telst hafa verið óverulegt og gert sé ráð fyrir sams konar frágangi á nýju urðunarreininni og því megi vænta þess að fok þaðan verði einnig óverulegt.

Áhrif á landslag. Fram kemur að urðunarreinar séu á milli klapparholta sem móta landslagið á svæðinu. Markmiðið sé að hækka ekki landið upp fyrir klappirnar. Fram kemur að þó urðunarreinin verði stækkuð og taki við samtals um 324.000 tonnum af úrgangi þá eigi það ekki að auka líkur á neikvæðum áhrifum á sjónræna þætti umfram það sem gert hafi verið ráð fyrir í upphaflegu mati á umhverfisáhrifum sorpurðunar á svæðinu 1997.

Áhrif á vistkerfi og verndarsvæði. Fram kemur að reglulegar mælingar á sigvatni frá upphaflega urðunarstaðnum (rein nr. 1-3), í samræmi við starfsleyfi, hafi ekki gefið neinar vísbendingar um að urðunarstaðurinn hafi haft neikvæð áhrif á vistkerfi. Einnig kemur fram að niðurstaða áhættumats vegna bráðamengunar gefi til kynna að einungis séu hverfandi líkur á því að bráðamengun geti átt sér stað á urðunarstaðnum sem leitt geti til mengunar í Norðurlæk, í sjó eða á ströndinni. Fram kemur að engin verndarsvæði séu á áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022 og deiliskipulag samþykkt í bæjarstjórn Borgarbyggðar þann 15. janúar 1999.

Framkvæmdaraðili segir tilgang framkvæmdarinnar felast í því að gera kleyft að taka á mótí sorpi frá Vesturlandi til förgunar á fullnægjandi hátt, svo sem með söfnun á hauggasi, næstu 14 ár. Gert sé ráð fyrir að urðun í nýrri urðunarrein hefjist um leið og starfsleyfi hefur fengist, en umsókn um það hafi þegar verið lögð fram

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Borgarbyggð, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og Umhverfisstofnun telja ekki líkur á að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á vistkerfi og verndarsvæði. Sveitarstjórn Borgarbyggðar bendir á að fyrirhuguð framkvæmd sé í raun hluti af framkvæmd sem umhverfisáhrif voru metin af árið 1997 en magn úrgangs sem urðaður hafi verið og gert sé ráð fyrir að urða næstu 14 ár, í Fíflholtum sé meiri en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi. Magnaukningin hafi hugsanlega áhrif á viðtaka afrennslis og gæti haft áhrif á svæði á náttúruminjasrá sem og á varpland fugla ef þar yrði mengun. Bent er á að Sorpurðun Vesturlands haldi grænt bókhald og láti reglulega gera mælingar á frárennsli urðunarstaðarins sem ekki hafi komið illa út. Ef vöktun sýndi efnabreytingar í frárennsli mætti gera athuganir nær ströndinni til þess að kanna hve langt áhrifa gætti frá urðunarstaðnum. Borgarbyggð telur mögulega mengun af svæðinu, miðað við núverandi aðstæður, ekki áhyggjuefni í bráð og gerir ekki kröfu um að fyrirhuguð breyting verði háð mati á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir á að sorpurðunarstaður hafi verið rekinn í Fíflholtum síðan 1999 og reglubundin vöktun og sýnataka á urðunarstaðnum sjálfum og í nágrenni, svo

sem í Norðlæk, gefi ekki tilefni til að efast um hreinsimannvirki (virkni). Nýja urðunarreinin sé innan þess svæðis sem mat á umhverfisáhrifum 1997 náði til.

Umhverfisstofnun bendir á að Akraós og strandsjór, sem er skilgreindur sem viðtaki í greinagerð framkvæmdaraðila, sé á náttúruminjaskrá, svæði nr. 214. Stofnunin bendir á að í greinagerð er vísað í skýrslu um áhættumat vegna bráðamengunar og viðbragðsáætlun fyrir urðunarstaðinn í Fíflholti, þar segi „ *Viðkvæmni viðtaka (sjávar) er í þessu mati skilgreind sem mikil ef notkun viðtakans er mikil t.d. til staðbundins fiskeldis og gæði viðtakans munu breytast verulega til verri vegar við áætlaða mengun eða ef að á viðtakanum hvílir sérstök vist eða vatnsvernd.*“ Stofnunin telur því að viðkvæmni viðtaka sem er á náttúruminjaskrá eigi að teljast mikil.

Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að gerðar verði fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að framkvæmdirnar hafi ekki áhrif á gæði og rennsli vatns og grunnvatns í nágrenni framkvæmdasvæðisins, til þess að tryggja að svæðið á náttúruminjaskrá tapi ekki verndargildi sínu. Vakta verði sjó og strönd neðan við urðunarstaðinn og gera mælingar á hugsanlegum mengunarefnum sem geta borist í viðtaka.

Einnig er minnt á að samkvæmt 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 skal leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá sbr. 67. og 68. gr.

Umhverfisstofnun telur þó að framkvæmdin eins og henni er lýst í greinargerð og að uppfylltum þeim skilyrðum sem stofnunin setur fram, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og eigi því ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Á urðunarsvæðinu í Fíflholtum stendur til að hefja urðun á rein 4 sem er innan svæðis sem mat á umhverfisáhrifum náði til árið 1997, en urðunarreinum 1-3 hefur verið lokað. Í mati á umhverfisáhrifum 1997 var gert ráð fyrir að urðuð yrðu 7-9.000 tonn á ári í fyrstu sem færi síðan minnkandi vegna endurvinnslu og færi samtals í um 120.000 tonn á 20 árum. Fyrirhuguð breyting felst í því að urðuð verða á næstu 14 árum allt að 210.000 tonn til viðbótar því magni sem þegar hefur verið urðað. Á svæðinu verður m.a. urðaður lífrænn úrgangur og gasi safnað frá honum. Sigvatni verður safnað í drenlagnir og leitt til hreinsunar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og tölulíð 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á loftgæði, áhrif af foki og áhrif á landslag verði óveruleg þar sem gert er ráð fyrir óbreyttri tilhögun við móttöku og urðun úrgangs sem er talin vel við unandi.

Skipulagsstofnun telur í ljósi niðurstaðna vöktunar fram að þessu að ekki sé veruleg hætta á neikvæðum áhrifum á vistkerfi og verndarsvæði af völdum sigvatns frá urðunarstaðnum. Stofnunin vill þó benda á að ætlunin er að urða á svæðinu um þrefalt meira magn en þegar er búið að urða og undirstrikar það mikilvægi þess að ekki verði slakað á vöktun og að gripið verði til viðeigandi ráðstafana til að hindra mengun í viðtaka ef þörf krefur.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Sorpförgunar Vesturlands hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á sorpförgunarstað í Fíflholtum á Mýrum, í Borgarbyggð, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði eftirtalinna laga og reglugerða: Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Sorpurðun Vesturlands hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. mars 2013.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson



Skipulags
stofnun